



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 2/2021

Samanburðarauglýsingar Múrbúðarinnar ehf.

I.

Erindið

Með bréfi Húsasmiðjunnar hf., dags. 6. apríl 2020, barst Neytendastofu kvörtun vegna auglýsinga Múrbúðarinnar ehf. Í upphafi bréfsins er tekið fram að með bréfinu sé lögð fram kvörtun vegna auglýsinga sem fram koma á fésbókarsíðu Múrbúðarinnar þar sem Colorex málning sé auglýst með 20% afslætti fram að páskum og sú málning borin saman við Lady 10 málningu Húsasmiðjunnar.

Í bréfinu segir að það sé mat Húsasmiðjunnar að auglýsingar Múrbúðarinnar og þær fullyrðingar sem þar komi fram brjóti gegn lögum nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Þá segir að framsetning auglýsinganna brjóti í bága við 4. mgr. 6. gr. laganna, enda séu ekki færðar sönnur á þær fullyrðingar sem þar séu settar fram, ásamt því að brjóta gegn 5. gr., 8. gr., 9. gr. og 14. gr. laganna. Einnig telur Húsasmiðjan að framsetningin brjóti gegn 15. gr. laganna sem taki til samanburðarauglýsinga. Um sé að ræða villandi viðskiptahætti sem líklegir séu til að blekkja neytendur og með því sé verið að brjóta gegn 9. gr. laganna en um leið brotið gegn 8. gr. þar sem fram komi að viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði III. kafla laganna séu alltaf óréttmætir.

Í bréfinu er tekið fram að engir fyrirvarar eða leiðbeiningar séu settar fram þess efnis að stýrenakrýlmálning sem Múrbúðin auglýsi hafi aðra eiginleika en Lady 10 málning Húsasmiðjunnar, sem málning Múrbúðarinnar er borin saman við. Framsetning Múrbúðarinnar beri með sér að neytendur geti ekki ætlað annað en að um sambærilega vöru sé að ræða og sérstaklega bent á að málning Múrbúðarinnar sé sérstaklega framleidd fyrir fyrirtækið. Lady 10 málning Húsasmiðjunnar sé aftur á móti 100% akrýlmálning sem hafi meiri gæði en stýrenakrýlmálning Múrbúðarinnar. Málning Húsasmiðjunnar hafi meiri viðloðun á stöðum þar sem raki og bleyta sé. Akrýlmálningarefni hafi meira þol gagnvart blöðrumyndun, sprungumyndun og flögnun. Hún hafi meira vatnspól, sem hindri blöðrumyndun auk þess að vera minna skítsæl og hafi meira þol gagnvart myglu og ýldu. Sumar tegundir PVA efna séu klísturgjarnar þannig að myndir o.þ.h. festist við flötin. Hún sé basapólnari, þ.e.a.s. þoli



alkalískar aðstæður mun betur og hafi meira þol gagnvart útfjólubláum geislum og sólarljósi. Það gefi betri litheldni og minni kölkun.

Húsasmiðjan tekur einnig fram að dæmi um eiginleika sem akrýlmálning hafi fram yfir stýrenakrýlmálning séu meiri mykt, minni kölkun, betri litheldni, betri viðloðunareiginleikar, betra veðrunarþol, engin gulnun og minni hætta á að filman spryngi.

Stýrenakrýl er samkvæmt bréfi Húsasmiðjunnar ódýrasta akrýlbindingefni sem notað sé við framleiðslu á málningu og að framleiðslukostnaður málningar sem notist við þannig efni sé því töluvert ódýrari en framleiðslukostnaður 100% akrýlmálningar. Að mati Húsasmiðjunnar er samanburður á Lady 10 málningu við málningu Múrbúðarinnar, án þess að geta um gæðamun, ekki í samræmi við þau lagaákvæði sem vísað sé til. Þá sé fullyrðing Múrbúðarinnar um að „í útlöndum“ fáist ein málningarfata af málningu fyrirtækisins og Jötun málningu fyrir sama verð, en „á Íslandi“ fáist þrjár fötur af málningu Múrbúðarinnar fyrir eina fötu af Lady málningu, sérstök og ósönnuð og að Húsasmiðjan geti t.d. bent á að í Danmörku sé Jötun málning á sama verði og hér á landi. Þessi framsetning sé villandi og órökstudd og engin gögn hafi verið lögð fram sem styðji þessar fullyrðingar en með framangreindu sé verið að blekkja neytendur vísvitandi.

Húsasmiðjan telur að gera verði þá kröfu til fyrirtækja, sem auglýsi með þessum hætti, að þau sanni þær fullyrðingar sem settar séu fram í auglýsingum eða kynningarefni. Að mati Húsasmiðjunnar brjóta auglýsingar, fullyrðingar og framsetning Múrbúðarinnar í bága við ákvæði 6. gr., 8. gr., 9. gr., 14. gr. og 15. gr. laga nr. 57/2005.

Að endingu er þess krafist að Neytendastofa bregðist við kvörtun Húsasmiðjunnar og banni Múrbúðinni að birta auglýsingar og kynningarefni af því tagi og með þeirri framsetningu sem fyrirtækið setur fram og að Neytendastofa beiti öllum þeim viðurlögum sem stofnunin telji sér fært með vísun til IV. kafla laga nr. 57/2005. Í ljósi þess að mikill sölutími sé framundan á innimálningu sé þess óskað að Neytendastofa krefjist þess að Múrbúðin hætti þegar í stað að auglýsa með þessum hætti meðan málið sé til efnismeðferðar.

Meðfylgjandi bréfi Húsasmiðjunnar var skjáskot af auglýsingu á fésbókarsíðu Múrbúðarinnar.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Húsasmiðjunnar var sent Múrbúðinni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 8. apríl 2020. Svar Múrbúðarinnar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 16. apríl 2020. Í upphafi bréfsins er kvörtun Húsasmiðjunnar hafnað og tekið fram að sú auglýsing sem kvartað sé yfir sé ein af þremur auglýsingum Múrbúðarinnar sem birt hafi verið á fésbókarsíðu fyrirtækisins á



tímabilinu 25. mars til 7. apríl 2020. Þessar færslur séu ætlaðar sama markhóp enda séu skilaboðin í þeim öllum þau sömu. Í auglýsingunum sé fyrst og fremst borið saman verð á Lady Vegg 10 innanhúsmálningu hér á landi og erlendis. Lady Vegg 10 kosti tvisvar til þrisvar sinnum meira á Íslandi en í Noregi og bent á að hátt verð á Íslandi þurfi ekki endilega að þýða mikil gæði. Því til staðfestingar sé birt verð á Colorex málningu erlendis og hér á landi nokkurn veginn það sama en verð á Colorex og Lady málningu sé svipað erlendis. Þessar tvær gerðir af málningu kosti það sama erlendis en á Íslandi sé allt að þrefaldur verðmunur.

Í bréfinu segir að auglýsing Múrbúðarinnar á fésbókarsíðu fyrirtækisins hafi komið í kjölfar tveggja annarra auglýsinga þar sem borið hafi verið saman verð á vörum sem fyrirtækið selji við verð sömu vara erlendis en kveikjan af auglýsingunum hafi verið könnun Eurostat þar sem fram hafi komið að verðlag á Íslandi væri almennt 66% hærra en í Evrópu. Með auglýsingunni hafi Múrbúðin viljað sýna fram á að sú væri ekki alltaf raunin heldur þvert á móti að sumar vörur kosti minna hjá Múrbúðinni en þær kosti erlendis. Þá segir að í þeirri auglýsingu sem kvartað var yfir hafi verð á Colorex Project málningu verið borið saman við verð á Colorex Project málningu í Evrópu. Einnig hafi verið borið saman verð á Lady málningu í Noregi og á Íslandi og notast hafi verið við upplýsingar af vefjum www.prisguiden.no og www.paintshop.eu. Ljóst sé að hægt sé að kaupa Colorex málningu á um 7.400 kr. og Lady Vegg 10 málningu frá 6.387 kr. erlendis og að framangreint sýni að erlendis sé hægt að fá sama magn af þessum tveimur gerðum af málningu á svipuðu verði en einnig að auglýst verð Lady Vegg 10 málningar á Íslandi sé allt að þrisvar sinnum hærra en lágsta verð í Noregi.

Er það mat Múrbúðarinnar að auglýsingar fyrirtækisins uppfylli öll skilyrði laga nr. 57/2005 er kveði á um sönnun fyrir fullyrðingum sem fram koma í auglýsingum, bæði er lýtur að samanburði á verði hér á landi og erlendis og vegna samanburðar á verði Lady 10 málningar hér á landi og erlendis. Er það mat Múrbúðarinnar að auglýsingarnar uppfylli allar kröfur sem koma fram í a.-h. liðum 2. mgr. 15. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005.

Í bréfinu segir að fullyrðingar um gæði 100% akrýlmálningar samanborið við stýrenakrýlmálningu, sem settar séu fram í kvörtun Húsasmiðjunnar, séu bæði villandi og rangar. Stýrenakrýlmálning sé akrýlmálning og að sönnun fyrir því sé að Jötun, framleiðandi Lady 10 málningar, geri engan mun á stýrenakrýlmálningu og akrýlmálningu á heimasíðu sinni. Í umfjöllun um akrýlmálningu komi fram að stýren sé íblöndunarefni sem notað sé til að ná fram ákveðnum eiginleikum í málningu og að fullyrðingar Húsasmiðjunnar um kosti akrýlmálningu eigi því jafnt við um stýrenakrýlmálningu og hefðbundna akrýlmálningu og í sumum tilfellum telji Húsasmiðjan upp kosti sem frekar eigi við stýrenakrýlmálningu en hefðbundna akrýlmálningu. Gerð er athugasemd við að Húsasmiðjan tiltaki sérstaklega að um sé að ræða málningu sem sé framleidd fyrir Múrbúðina og tekið fram að það hafi ekkert með gæði vörunnar að ræða. Colorex hafi verið „*contract manufacturer*“ sem hafi selt málningu eftir sinni uppskrift en hafi ekki séð um markaðsmál.



Múrbúðin telji að Húsasmiðjan hafi ekki sannað að Lady Vegg 10 sé 100% akrýlmálning. Á tækniblöðum fyrir Lady Vegg 10 komi ekki fram hvernig akrýl sé notaður í málninguna og þá sé í raun ekki til málning sem sé 100% akrýlmálning þar sem öll málning sé samansett úr litarefni, bindiefni, íblöndunarefnum og vökva. Þá sé stýren notað til að breyta akrýlmálningu og þannig notað til að bæta eiginleika akrýls. Húsasmiðjan sé í bréfi sínu að bera saman akrýlmálningu við PVA málningu (vínýl málningu) en málning Múrbúðarinnar sé ekki PVA málning heldur stýrenakrýlmálning.

Í bréfi Múrbúðarinnar er því hafnað að akrýlmálning innihaldi meiri gæði heldur en stýrenakrýlmálning og farið yfir hvaða kosti stýrenakrýlmálning hafi fram yfir akrýlmálningu. Stýrenakrýlmálning standi akrýlmálningu framur og þar af leiðandi séu gæði Colorex Project innimálningu meiri en gæði Lady Vegg 10 málningar.

Að lokum er tekið fram að Múrbúðin telji sig ekki brjóta gegn ákvæðum 8. gr., 9. gr. eða 14. gr. laga nr. 57/2005. Múrbúðin sé frekar að upplýsa neytendur og benda á að hátt verð sé ekki það sama og gæði á Íslandi. Auglýsingar á fésbókarsíðu Múrbúðarinnar brjóti því ekki gegn neinum ákvæðum laga nr. 57/2005 heldur sé þvert á móti verið að upplýsa neytendur um óeðlilegan verðmun á málningu á Íslandi samanborið við önnur lönd í Evrópu. Þá er fullyrðingum Húsasmiðjunnar um gæðamun á framangreindum tegundum málningar hafnað.

Meðfylgjandi bréfinu var ítarleg heimildarskrá ásamt fylgiskjölum þar sem fram koma fyrri auglýsingar Múrbúðarinnar, verð og verðsamanburður á málningu og grein um akrýlmálningu.

2.

Bréf Múrbúðarinnar var sent Húsasmiðjunni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 5. maí 2020. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 25. maí 2020. Í bréfinu segir að Húsasmiðjan hafi kvartað yfir framsetningu á auglýsingum Múrbúðarinnar og hvernig samanburður var settur fram án þess að vísað væri til eða lögð fram gögn til sönnunar þeim staðhæfingum. Ekki sé hægt að sjá að tilvísanir í netslóðir og útprentanir sem fylgdu svarbréfi Múrbúðarinnar komi beint kvörtun Húsasmiðjunnar við né sanni þær fullyrðingar Múrbúðarinnar.

Húsasmiðjan hafi leitað eftir álitum frá framleiðanda Jötun málningar og hafi niðurstaða Jötun verið að samanburður Múrbúðarinnar sé ekki réttur og þar af leiðandi villandi og ósanngjarn. Lady Vegg 10 málning sé önnur málning en sú málning sem Múrbúðin setti til samanburðar en Jötun framleiði aðrar tegundir málningar sem nær hefði verið að bera saman við málningu Múrbúðarinnar hvað gæðalegan samanburð varði og sé sú tegund Jötun mun ódýrari. Þá sé Colorex málning ekki til sölu í Noregi, enda hafi komið fram að Múrbúðin láti framleiða þá málningu sérstaklega fyrir fyrirtækið. Sú staðreynd ein og sér sýni að ekki sé hægt að bera saman gæði eða verð á málningu sem seld er í Noregi við málningu sem sé eingöngu seld á Íslandi. Að mati Húsasmiðjunnar sé samanburður Múrbúðarinnar villandi og ekki sanngjarnt að upplýsa neytendur um þær fullyrðingar sem þar koma fram án þess að geta sannað þær. Lady



Vegg 10 málning sé dýrari en ekki sambærileg í gæðum eða eiginleikum við þá málningu sem Múrbúðin setti til samanburðar.

Í bréfinu kemur fram að mat Húsasmiðjunnar sé að það sé villandi að bera saman verð erlendis án þess að nokkur gögn séu lögð fram því til sönnunar, sérstaklega ef sú málning sem Múrbúðin sé með sé ekki til sölu á mörkuðum erlendis. Gera verði þá kröfu til seljenda að samanburður sé sanngjarn og ekki villandi fyrir neytendur. Verðsamkeppni sé á íslenskum markaði og samanburður við verð erlendis sé ekki sanngjarn heldur villandi þar sem ekki sé vitað um forsendur að baki verðlagningu erlendis og þá sérstaklega þegar ekki sé um sömu vöru að ræða.

3.

Bréf Húsasmiðjunnar var sent Múrbúðinni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 24. júní 2020. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 2. júlí 2020. Í bréfinu er gerð athugasemd við að Húsasmiðjan hafi ekki fært rök fyrir því að Múrbúðin hafi ekki sannað þær fullyrðingar sem fram komu í auglýsingum fyrirtækisins. Notast hafi verið við upplýsingar af vefsíðunni www.prisguiden.no til að sýna fram á að meira en tvöfaldur verðmunur sé á Lady málningu í Noregi og Íslandi. Þá hafi verið notast við upplýsingar af vefsíðunni www.paint-shop.eu til að sýna fram á að Colorex málning kosti svo til það sama erlendis og á Íslandi. Í auglýsingum fyrirtækisins sé sýnt myndrænt fram á að erlendis sé hægt að fá Colorex Project málningu á sama verði og Lady Vegg 10 málningu. Lady Vegg 10 málning kosti hins vegar næstum þrefalt meira en Colorex Project málning á Íslandi. Hvergi í auglýsingunum komi fram að verið sé að bera saman gæði á þessum tveimur gerðum af málningu. Það sé verið að benda á mun á verði Lady Vegg í Noregi annars vegar og á Íslandi hins vegar. Á sama tíma sé bent á að Colorex málning Múrbúðarinnar kosti svipað erlendis og á Íslandi og þar með standist myndræna framsetningin.

Múrbúðin telji að fullnægjandi sannanir hafi verið lagðar fram fyrir öllum fullyrðingum sem koma fram í auglýsingum á fésbókarsíðu fyrirtækisins og að í 4. mgr. 6. gr. sé ekki gerð krafa um að sönnun komi fram í auglýsingu heldur eingöngu að hægt sé að færa sönnur á fullyrðingar sem koma fram. Samanburðurinn sé sanngjarn og upplýsandi fyrir íslenska neytendur.

4.

Bréf Múrbúðarinnar var sent Húsasmiðjunni til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 11. ágúst 2020. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 23. október 2020, var aðilum málsins tilkynnt um fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins vegna fjölda fyrirbyggjandi mála hjá stofnuninni.



III.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að kvörtun Húsasmiðjunnar vegna auglýsinga Múrbúðarinnar á málningu og verðsamanburði sem gerður er á vörum fyrirtækjanna. Snýr kvörtunin að því að Húsasmiðjan telji Múrbúðina hafa brotið gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 9. gr., 14. gr. og 15. gr., sbr. 5. gr. og 8. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með auglýsingum sem feli í sér villandi viðskiptahætti sem séu líklegir til að blekkja neytendur og sé því um ólögmætar samanburðarauglýsingar að ræða. Þá telur Húsasmiðjan Múrbúðina ekki geta fært sönnur á þær fullyrðingar sem fram koma í auglýsingunum. Að mati Húsasmiðjunnar er í auglýsingunum borin saman málning sem sé ósambærileg að eiginleikum og gæðum. Jafnframt sé verðsamanburður sem gerður er í auglýsingunum villandi og órökstuddur og því séu neytendur blekkir. Að mati Húsasmiðjunnar brjóta fullyrðingar og framsetning auglýsinga Múrbúðarinnar gegn ákvæðum laga nr. 57/2005. Húsasmiðjan gerir þær kröfur að Neytendastofa bregðist við kvörtun sinni og banni Múrbúðinni að birta auglýsingar og kynningarefni af því tagi og með þeirri framsetningu sem um ræðir og að Neytendastofa beiti öðrum þeim viðurlögum sem Neytendastofa telur sér fært að beita með vísan til IV. kafla laganna. Þá er þess óskað að Neytendastofa krefjist þess að Múrbúðin hætti þegar í stað að auglýsa með ofangreindum hætti meðan málið sé til efnismeðferðar.

Múrbúðin hafnar kvörtun Húsasmiðjunnar og telur auglýsingar fyrirtækisins uppfylla öll skilyrði laga nr. 57/2005 er kveða á um sönnun fyrir fullyrðingum sem fram koma í auglýsingum, bæði er lýtur að samanburði á verði á málningu Múrbúðarinnar hér á landi og erlendis og vegna samanburðar á verði Lady Vegg 10 málningar Húsasmiðjunnar hér á landi og erlendis. Er það mat Múrbúðarinnar að auglýsingarnar uppfylli allar kröfur sem koma fram í a.-h. liðum 2. mgr. 15. gr. og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Þá telur Múrbúðin að auglýsingarnar brjóti ekki gegn ákvæðum 8. gr., 9. gr. eða 14. gr. laga nr. 57/2005. Múrbúðin sé frekar að upplýsa neytendur og benda á að hátt verð sé ekki það sama og gæði á Íslandi. Auglýsingar á fésbókarsíðu Múrbúðarinnar brjóti því ekki gegn neinum ákvæðum laga nr. 57/2005 heldur sé þvert á móti verið að upplýsa neytendur um óeðlilegan verðmun á málningu á Íslandi samanborið við önnur lönd í Evrópu. Þá hafnar Múrbúðin fullyrðingum Húsasmiðjunnar um gæðamun á framangreindum tegundum málningar.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða. Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.



Í 4. mgr. 6. gr. segir:

„Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti þarf fyrirtæki að geta fært sönnur á.“

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í d. lið greinarinnar segir að ekki mega veita rangar upplýsingar um verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 14. gr.:

„Óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki eru brenndar gagnvart keppinautum, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara, fasteigna, þjónustu eða annars þess sem haft er á boðstólum í atvinnustarfsemi sem lög þessi taka til.“

Fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum mega því ekki veita misvísandi, rangar eða villandi upplýsingar gagnvart keppinautum auglýsinga eða stöðu auglýsanda, vöru eða þjónustu hans, gagnvart keppinautum.

Í 15. gr. laganna er fjallað um að samanburðarauglýsingar séu allar þær auglýsingar þar sem beint eða óbeint er vísað til keppinauta eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Hugtakið samanburðarauglýsing er skilgreint rúmt svo allar tegundir samanburðar heyra þar undir. Í umfjöllun um ákvæðið segir t.d. að allar auglýsingar þar sem auglýsandi fullyrðir að vara hans



eða þjónusta sé best, ódýrust, sterkust o.s.frv. feli í sér óbeinan samanburð og falli því undir ákvæði laganna. Samanburðarauglýsingar eru leyfðar að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í a.-h. liðum 2. mgr. 15. gr. Neytendastofa telur að ákvæði a. og c. liða komi til skoðunar í málinu. Samkvæmt framangreindum ákvæðum eru samanburðarauglýsingar leyfðar að uppfylltum þeim skilyrðum að þær séu ekki villandi og að gerður sé samanburður á einum eða fleiri áþreifanlegum, viðeigandi sannreynanlegum og dæmigerðum eiginleikum vöru eða þjónustu, að meðtöldu verði ef vill.

3.

Í hinum umþrættu auglýsingum er verð málningar Múrbúðarinnar borið saman við verð málningar Húsasmiðjunnar bæði hér á landi og erlendis. Um beinan verðsamanburð er að ræða og er því um samanburðarauglýsingu að ræða í skilningi 1. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005. Óháð eiginleikum eða gæðum þeirra málningar sem borin er saman í auglýsingum Múrbúðarinnar má af gögnum málsins ráða að ekki er um sömu vöru að ræða. Þá er verð á málningu beggja fyrirtækja hér á landi borið saman við verð á málningu erlendis með almennum hætti án þess að vísað sé til hvaða landa sá verðsamanburður tekur til. Samkvæmt gögnum málsins er verð á Lady Vegg 10 málningu Húsasmiðjunnar, sem seld er hér á landi, borið saman við verð á annarri tegund framleiðanda málningarinnar sem seld er í Noregi en sú tegund er ódýrari en Lady Vegg 10 málning. Þá hefur Múrbúðin ekki fært sönnur á að málning Múrbúðarinnar, eða sambærileg málning, sé fáanleg í Noregi, þ.e. í því landi sem miðað er við í samanburði um verð málningar Húsasmiðjunnar hér á landi. Vísun í erlendar vefsíður án alls rökstuðnings er að mati Neytendastofu ekki fullnægjandi sönnun fyrir framangreindum verðsamanburði. Þá er neytandinn ekki upplýstur um hvaða lönd er átt við með „í útlöndum“ en af gögnum málsins verður ráðið að verið er að bera saman verð í mismunandi löndum. Verðsamanburður í auglýsingum Múrbúðarinnar er því óskýr og ósanngjarn. Með hliðsjón af framangreindu telur Neytendastofa að samanburðarauglýsingar Múrbúðarinnar uppfylli ekki skilyrði c. liðar 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005 um að samanburður sé viðeigandi og sannreynanlegur er tekur til verðs á umræddum vörum. Jafnframt er um að ræða villandi samanburð og brjóta auglýsingarnar því gegn c. lið 2. mgr. 15. gr. laga nr. 57/2005.

Samkvæmt a. lið 2. mgr. 15. gr. má samanburður ekki vera villandi. Þegar horft er til þess hvort samanburður sé villandi þarf að meta það í hverju tilviki fyrir sig, meðal annars með hliðsjón af öðrum ákvæðum laganna. Þannig er t.a.m. kveðið á um það í d. lið 1. mgr. 9. gr. að viðskiptahættir séu villandi ef neytendum eru gefnar upp rangar upplýsingar um verð. Þegar verðs er getið í samanburðarauglýsingum verður því að gera kröfu til þess að neytendum séu gefin rétt verð og gefnar upplýsingar um það ef tilteknir þættir eru líklegir til að hafa áhrif á verðið. Í auglýsingum Múrbúðarinnar er einungis vísað til þess að málning Múrbúðarinnar kosti það sama á Íslandi og í „útlöndum“ öfugt við málningu Húsasmiðjunnar sem sé mun dýrari hér á landi. Þess er hins vegar ekki getið að ekki er verið að bera saman verð í sömu erlendu löndunum sem líkt og framan greinir getur skipt miklu máli við verðsamanburð og er neytendum því gefnar villandi upplýsingar um verðsamanburðinn.



Með vísan til framangreinds telur Neytendastofa að auglýsingarnar séu villandi og brjóti að þessu leyti gegn a. lið 2. mgr. 15. gr. og d. lið 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Einnig verður að telja að auglýsingarnar fari gegn 4. mgr. 6. gr. og 1. mgr. 8. gr., sbr. 5. gr. laganna þar sem ekki hafa verið færðar sönnur fyrir umræddri fullyrðingu, þær fela í sér óréttmæta viðskiptahætti, brjóti í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda.

Eins og að framan greinir eru auglýsingarnar villandi. Neytendastofa telur þær til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn vara og brjóta gegn 14. gr. laga nr. 57/2005.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 að banna Múrbúðinni að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti og beinir þeim fyrirmælum til fyrirtækisins að fjarlægja auglýsingarnar þar sem þeim hefur verið komið á framfæri. Hvað varðar kröfu Húsasmiðjunnar um að Múrbúðinni yrði gert að hætta auglýsa með framangreindum hætti meðan málið væri til meðferðar hjá Neytendastofu, þá var það álit stofnunarinnar að rökstuðningur að baki þeirri kröfu og fram komin gögn, á þeim tíma, voru ekki fullnægjandi til að uppfylla skilyrði 3. mgr. 21. gr. c laga nr. 57/2005 og þá sérstaklega með tilliti til lögbundins andmælaréttar Múrbúðarinnar, sbr. 14. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Neytendastofa telur, m.a. með hliðsjón af umfangi brotsins, jafnræðis- og meðalhófsreglu stjórnslulaga, ekki tilefni til þess að beita Múrbúðina sektum á grundvelli a. liðar 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Múrbúðin ehf., Kletthálsi 7, 110 Reykjavík, hefur brotið gegn 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr., 14. gr. og a. og c. liðum 2. mgr. 15. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með birtingu villandi samanburðarauglýsinga.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Múrbúðinni ehf. bannað að viðhafa ofangreinda viðskiptahætti.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Múrbúðarinnar ehf. að fjarlægja samanburðarauglýsingar þar sem þeim hefur verið komið á framfæri innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið eftir fyrirmælunum má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.



Bannið tekur gildi við móttöku ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.“

Neytendastofa, 12. febrúar 2021

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir